

A 1818/välfärd

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar
um aukið öryggi með New York-líkaninu

Tillaga

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að norrænu löndin skoði hvaða lærdóm megji draga af New York-líkaninu og hvernig nýta megji hann í norrænu löndunum

Bakgrunnur

Eitt af grundvallarhlutverkum ríkisins er að halda uppi lögum og reglu. Takist lögreglunni ekki að skapa öryggi og upplýsa glæpi er hætta á að það grafi undan trú á réttarkerfinu og ríkisvaldinu. Trú á réttarkerfinu hefur almennt verið mikil meðal Norðulandabúa. Skýrslur frá sænska glæpaforvarnaráðinu sýna þó að áhyggjur af glæpum fara vaxandi og traust til réttarkerfisins hefur minnkað¹, og er það sérstaklega áberandi á félagslega viðkvæmum svæðum.² Til að snúa þessari þróun við telur flokkahópur hægrimanna í Norðurlandaráði að norrænu ríkin ættu að reyna að draga lærdóm af árangursríkri baráttu New York-borgar gegn afbrotum og af New York-líkaninu.

Frá hárrí glæpatíðni til einnar öruggustu borgar í heimi

Milljónaborgin fór frá því að glíma við háa afbrotatíðni og lítið öryggi yfir í að vera ein öruggasta stórborg Bandaríkjana og heimsins alls. Frá árinu 1990 hefur afbrotum fækkað almennt um 81,8 prósent, ránum um 87,1 prósent og manndrápum um 87 prósent³.

Þessi árangur er að stórum hluta eignaður fyrrverandi yfirmanni jarðlestadeildar lögreglunnar, Bratton, en hann tók upp þá stefnu að brot á borð við að greiða ekki fargjald eða krota á veggj skyldu ekki liðin. Þeir sem komu sér hjá því að greiða fargjald voru dæmdir til sektargreiðslu. Ef leitað var á þeim sem ekki greiddu fargjald kom í ljós að fimmti hver þeirra var annaðhvort eftirlýstur eða með fíkniefni á sér og tíundi hver var vopnaður. Þessar aðgerðir höfðu í för með sér að vopnum fækkaði í

¹ BRÁ 2018 Sammanställning av centrala resultat från Nationella trygghetsundersökningen 2017

² BRÁ 2018 Relationen till rättsväsendet i socialt utsatta områden

³ 2018, CompStat Citywide Report Covering the Week 8/19/2019 Through 8/25/2019



New York. Útkrotaðir jarðlestarvagnar voru teknir úr umferð þar til þeir höfðu verið hreinsaðir og öryggistilfinning notenda jókst.

Aðferðin sem notuð var, The Broken Windows Theory, byggist á þeirri hugsun að sé rúða brotin án þess að gert sé við hana líði ekki á löngu uns önnur sé brotin. Við tekur neikvæð keðjuverkun með aukinni glæpatíðni, lækkun fasteignaverðs og dvínandi öryggi. Smáglæpir leiða til stórglæpa. Lögreglan var ekki eina stofnunin sem nýtti sér þessa aðferð. Annað dæmi er Bryant Park Corporation (BPC). BPC var stofnað árið 1980 til að endurreisa hinn sögufræga almenningsgarð Bryant Park sem mjög hafði látið á sjá á áttunda áratugnum. BPC stóð fyrir því að fegra og hreinsa garðinn og gera hann öruggan. Bryant Park fór frá því að ganga undir nafninu „Needle Park“ í að vera einn vinsælasti almenningsgarður New York-borgar. Verkefni á borð við þau sem staðið var að í samgöngukerfinu og Bryant Park hafa leitt til þess að New York er orðin örugg borg.

Auk þeirrar stefnu að líða ekki brot koma fleiri mikilvægir þættir til. Fræðimenn sem rannsakað hafa árangurinn sem náðst hefur í New York benda á hlut millistjórnenda í lögreglunni.⁴ Bratton varð síðar lögreglustjóri í NYPD þar sem hann innleiddi CompStat, tölfræðikerfi sem enn er í notkun og hefur að geyma vikulega samantekt um afbrotatíðni. CompStat er einnig notað til að hafa eftirlit með löggæslustarfinu. Nýjar tölur eru birtar á heimasíðu lögreglunnar í hverri viku. Einnig eru haldnir vikulegir fundir á aðallögreglustöðinni í New York þar sem yfirmaður hvers umdæmis kynnir yfirstjórn lögreglunnar áætlanir sínar fyrir næsta tímabil. Þeir gera einnig grein fyrir árangrinum af áætlunum sem áður hafa verið kynntar á þessum fundum. Þessi skýra ábyrgð hefur skapað árangursmiðaða stofnanamenningu. Mikilvægur þáttur í þessu er að í CompStat eru ekki skráð upplýst brot heldur brot sem hafa verið tilkynnt. Megináherslan er á að koma í veg fyrir glæpi og minnka afbrotatíðnina. CompStat hefur nýst við að greina glæpamynstur og forgangsráða í starfi lögreglunnar víðar en í New York. Í borgum sem hafa nýtt sér aðferðina hefur afbrotum fækkað um 5 til 15 prósent.⁵

Enda þótt staða mála sé ólík í norrænu ríkjunum og mikill munur á þeim og New York má draga mikilvægan lærdóm af New York-líkaninu.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndarmenn eru allir sammála um að mikilvægt sé að tryggja öryggi í norrænum samfélögum. Tillagan fékk skýran stuðning Svíþjóðardemókrata, sem lengi hafa talað fyrir því að New York-aðferðin yrði tekin upp í Malmö.

Flokkahópur jafnaðarmanna taldi rannsóknir aftur á móti hafa sýnt að árangurinn af New York-aðferðinni væri ekki jafnmikill og áður hefði verið talið, heldur hefði afbrotum fækkað í New York af öðrum ástæðum. Hópurinn lýsti þeirri skoðun að til væru aðrar árangursríkar aðferðir. Hópurinn fór einnig fram á umræðu um hvort rétt væri að stjórnámálamenn segðu lögreglunni fyrir verkum.

⁴ Frank E Zimring, The City That Became Safe: New York's Lessons for Urban Crime and Its Control, Oxford University Press;

⁵ Brennan Center for Justice, 2015, WHAT CAUSED THE CRIME DECLINE?



Flokkahópur norrænna vinstri grænna kallaði eftir upplýsingum um hvaða árangur hefði náðst í raun með New York-aðferðinni og taldi rannsóknir hafa staðfest að jöfnuður í samfélögum leiddi til færri afbrota, fækkunar eiturlyfjaneytenda og minna ofbeldis karla gagnvart konum. Norræn vinstri græn telja það ranga nálgun að huga eingöngu að aðgerðum á sviði réttarfars- og löggæslumála þótt augljóst megi vera að réttarkerfið verði að geta fylgt þróun mála eftir þegar glæpahópar taka upp nýjar aðferðir o.fl. Hópurinn telur að besta lausnin væri að vinna að auknum jöfnuði og minnka efnamun í þjóðfélaginu. Rangt sé að láta þá stöðu koma upp eins og í Bandaríkjunum að svartir karlar séu fjölmennari í hópi fanga en háskólanema og tillögur á borð við þessa hafi einmitt slíkar afleiðingar.

Norðurlöndum, 27. október 2020

Bente Stein Mathisen (H)

Eva Lindh (S)

Høgni Hoydal (T)

Inga Sæland (flf)

Kaisa Juuso (saf)

Kasper Roug (S)

Kim Berg (sd)

Liselott Blixt (DF)

Maria Stockhaus (M)

Nina Sandberg (A)

Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)

Per-Arne Håkansson (S)

Pirkka-Pekka Petelius (gröna)

Soleig Sundbø Abrahamsen (H)

Solveig Horne (FrP)